

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 28. mars 2018 í máli nr. X-15/2014:

Ragnhildur Hannesdóttir

(Hilmar Gunnlaugsson lögmaður)

gegn

LBI ehf.

(Guðmundur Óli Björgvinsson lögmaður)

1. Mál þetta, sem rekið er samkvæmt XXIV. kafla laganna um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991, telst höfðað við þingfestingu 9. maí 2014 og var tekið til úrskurðar 6. mars 2018. Sóknaraðili er Ragnhildur Hannesdóttir, Melbæ 10 í Reykjavík en varnaraðili er LBI ehf., Álfheimum 74 í Reykjavík. Dómari málsins tók við meðferð þess 10. janúar 2018 en hafði ekki áður haft afskipti af því.
2. Dómkröfur sóknaraðila eru að viðurkennd verði sem almenn krafa samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. krafa hennar á hendur varnaraðila að fjárhæð 9.575.382 kr. við gjaldþrotaskipti varnaraðila og krafan að öðru leyti samþykkt sem eftirstæð krafa skv. 114. gr. sömu laga. Þá gerir sóknaraðili til vara í fimm liðum kröfur um viðurkenningu lægri fjárhæðar í samræmi við áskilnað þar um í greinargerð sinni. 1. Að viðurkenndar verði sem almenn krafa 7.039.042 kr. sem miðast við að sóknaraðili hefði innlest hlut sinn 31. mars 2008 og ekkert keypt í sjóði varnaraðila eftir það. 2. Að viðurkenndar verði sem almenn krafa 7.272.362 kr. sem miðast við að sjóði varnaraðila hefði verið lokað þann 14. ágúst 2008 og verðmæti hans reynst vera það sem matsmaður telur að það hefði getað orðið. 3. Að viðurkenndar verði sem almenn krafa 3.386.932 kr. sem miðast við að sjóði varnaraðila hefði verið lokað þann 14. ágúst 2008 og verðmæti hans reynst vera í samræmi við útreikning í greinargerð sóknaraðila. 4. Að viðurkenndar verði sem almenn krafa 3.175.180 kr. sem miðast við að sjóði varnaraðila hefði verið lokað þann 29. september 2008 og verðmæti hans reynst vera það sem matsmaður telur að það hefði getað orðið. 5. Að viðurkenndar verði sem almenn krafa 2.984.164 kr. sem miðast við að sjóði

varnaraðila hefði verið lokað þann 29. september 2008 og verðmæti hans reynst vera í samræmi við útreikning í greinargerð sóknaraðila. Þá krefst sóknaraðili fulls málskostnaðar úr hendi varnaraðila samkvæmt mati dómsins. Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað og málskostnaðar að skaðlausu úr hendi sóknaraðila að mati dómsins.

3. Varnaraðili starfaði sem fjármálafyrirtækið Landsbanki Íslands hf. en 7. október 2008 tók Fjármálaeftirlitið, samkvæmt heimild í 100. gr. a. laga nr. 161/2002, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008, yfir vald hluthafafundar í félaginu, vék stjórn þess frá og setti yfir það skilanevnd. Með ákvörðun níunda dag sama mánaðar færði Fjármálaeftirlitið tiltekin réttindi og skyldur félagsins til nýs banka, sem nú ber heitið Landsbankinn hf. Að beiðni skilanevndar skipaði Héraðsdómur Reykjavíkur varnaraðila slitastjórn 22. apríl 2009. Frestdagur við slitameðferðina er 15. nóvember 2008 samkvæmt III. bráðabirgðaákvæði laga nr. 44/2009 um breytingu á lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Slitameðferð varnaraðilans LBI ehf., lauk með nauðasamningi, sem komst á 18. desember 2015. Í úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur um staðfestingu nauðasamningsins er kveðið á um hvernig fara skuli með ágreiningskröfur eins og þá sem deilt er um í þessu máli. Þar eru kröfuhöfum sem fara með ágreiningskröfur tryggðar sömu greiðslur og í nauðasamningi að því marki sem krafa þeirra verður viðurkennd.
4. Meðal eigna forvera varnaraðila, Landsbanka Íslands hf., var dótturfélagið Landsvaki hf., sem rekið hafði verðbréfa- og fjárfestingarsjóði sem sjálfstæður lögaðili. Krafa sóknaraðila á rætur að rekja til viðskipta hans við Landsvaka hf. með hlutdeildarskírteini í fjárfestingasjóðnum Peningabréf Landsbankans ISK sem starfræktur var af Landsvaka. Landsvaki hafði starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfasjóða samkvæmt lögum nr. 30/2003 en nýtti sér heimild samkvæmt 18. gr. laganna til að útvista tilteknum lögmaeltum verkefnum sínum til Landsbanka Íslands hf. (varnaraðila). Þá hafði bankinn með höndum vörslu fjármálagerninga sjóðsins samkvæmt sérstökum samningi. Eign sóknaraðila í sjóðum Landsvaka, í formi hlutdeildarskírteina, var því varðveitt á vörslureikningi sóknaraðila hjá Landsbanka Íslands hf. Þann 28. október 2008 var

peningamarkaðssjóðum Landsvaka slitið og óskað eftir afskráningu þeirra. Í kjölfarið var eigendum hlutdeildarskírteina í Peningabréfum Landsbankans ISK greitt út sem nemur 68,8% af þeirri fjárhæð sem þeir áttu í sjóðnum. Jafnframt var þeim tilkynnt að um lokauppgjör væri að ræða.

5. Sóknaraðili og þrjár systur hennar fengu fasteign í arf eftir móður sína. Þær seldu eignina á árinu 2007 og úr varð að aldraður faðir þeirra, myndi taka við öllum greiðslum fyrir húsið og sjá um að ávaxta þær á öruggum bankareikningum. Hann lét að sögn sóknaraðila stofna fjórar sparisjóðsbækur hjá varnaraðila, eina í nafni hverrar dóttur, til að leggja fjármunina inn á. Fjármunirnir voru hins vegar lagðir inn á Peningabréf Landsbankans ISK. Að sögn sóknaraðila stóð faðir hennar í þeirri trú, allt þar til haustið 2008, að stofnaðar hefðu verið sparisjóðsbækur.
6. Sóknaraðili telur að saknæm háttsemi starfsmanna varnaraðila sem sé á ábyrgð varnaraðila hafi valdið henni tjóni sem nemi þeirri skerðingu sem henni hafi verið gert að þola á virði hlutdeildar sinnar í Peningabréfum Landsbankans ISK. Samkvæmt yfirliti varnaraðila frá 28. október 2008 var virði hlutar sóknaraðila í Peningabréfum Landsbankans ISK að teknu tilliti til 31,2% skerðingar að fjárhæð 17.678.142 kr. Virði eignar sóknaraðila í lok dags 3. október 2008 var því 25.700.596 kr. og tjón sóknaraðila að höfuðstól því kr. 8.022.454. Dráttarvextir til 22. apríl 2009 námu kr. 1.113.509 og innheimtukostnaður sem féll á fyrir það tímamark nam kr. 439.419. Samtals er því almenn krafa sóknaraðila skv. 113. gr. laga 21/1991 vegna Peningabréfa Landsbankans ISK kr. 9.575.382. Slitastjórn varnaraðila hafnaði kröfu sóknaraðila og taldi að ekki hefði verið sýnt fram á að Landsbanki Íslands hf. hefði viðhaft saknæma og ólögmæta háttsemi við markaðssetningu og vörslu fjármálagerninga peningamarkaðssjóða Landsvaka hf. og með því bakað sér bótaábyrgð gagnvart hlutdeildarskírteinishöfum.

Málsástæður sóknaraðila

7. Af hálfu sóknaraðila er á því byggt að varnaraðili beri ábyrgð á tjóni hans á grundvelli almennra skaðabótareglna innan sem utan samninga og sjónarmiða um húsbóndaábyrgð. Telur sóknaraðili að starfsmenn

samstæðu Landsvaka og varnaraðila hafi valdið honum tjóni sem varnaraðili beri húsbóndaábyrgð á. Þannig hafi varnaraðili í starfsemi sinni viðhaft ólögmæt og saknæm vinnubrögð í því skyni að viðhalda sjóðum Landsvaka. Þessi vinnubrögð telur sóknaraðili að hafi leitt til þess að sóknaraðili hafi bundið fjármuni í Peningabréfum Landsbankans ISK sem hann hefði ekki gert ef varnaraðili hefði upplýst sóknaraðila um þá áhættu sem þarna var til staðar, breytingar á áherslum í fjárfestingum, lánastarfsemi sjóðanna og um þá almennu áhættu sem fólst í því að sjóðurinn stækkaði hratt án þess að góðir fjárfestingarkostir væru fyrir hendi.

8. Sóknaraðili byggir á því að varnaraðili hafi ekki farið að lögum í rekstri peningamarkaðssjóða innan samstæðu sinnar og að sú staðreynd hafi valdið tjóni hans. Þannig hafi stærstu eigendur varnaraðila haft óeðlilega greiðan aðgang að fyrirgreiðslu dótturfélags varnaraðila, Landsvaka. Peningabréf Landsbankans ISK hafi selt allar ríkistryggðar eignir í mars 2008 að fjárhæð 21 milljarður króna og keypt í staðinn víxla útgefna af varnaraðila fyrir 17 milljarða og aukið innlán hjá varnaraðila um fjóra milljarða. Þegar erfiðleikar hafi gert vart við sig á fjármálamarkaði á árinu 2008 hafi hlutfall eigna sem tengdust varnaraðila farið úr tæplega 25% í rúm 60% á sama tíma og heildareignir sjóðsins jukust. Telur sóknaraðili ljóst af þessu að varnaraðili hafi markvisst ráðlagt viðskiptavinum sínum að geyma sparnað sinn í hlutdeildarskírteinum sjóða á við Peningabréf Landsbankans ISK og síðan nýtt sér þá fjármuni til að fjármagna eigin starfsemi og starfsemi tengdra aðila að miklu leyti.
9. Sérstaklega telur sóknaraðili ámælisvert að varnaraðili hafi hagað starfsemi verðbréfasjóða sinna þannig, að í raun hafi verið um lánastarfsemi að ræða en ekki fjárfestingarstarfsemi. Þannig hafi Peningabréf keypt alla frumútgáfu bréfa Samsonar sem tengdist eigendum varnaraðila. Hið sama hafi gilt um óeðlilega fyrirgreiðslu varnaraðila sem hann hafi látið Peningabréf Landsbankans ISK kosta til að aðstoða stóra skuldara varnaraðila eins og FL/Stoðir og Baug. Með þessu telur sóknaraðili að varnaraðili hafi borið fyrir borð hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina. Varnaraðili hafi gert þetta vegna eigin hagsmuna, beint eða með því að minnka áhættu sína hjá stórum viðskiptavinum. Varnaraðila hafi verið eða mátt vera það ljóst

að með þessari háttsemi skapaði hann áhættu fyrir eigendur hlutdeildarskírteina og skerðing á verðmæti eigna Peningabréfa Landsbankans ISK í október 2008 hafi bæði verið afleiðing þessarar háttsemi í heild sinni sem og sennileg afleiðing hennar.

10. Sóknaraðili byggir á því að varnaraðili hafi staðið að rangri skráningu á gengi hlutdeildarskírteina, sem glöggst megi ráða af því að sjóður Peningabréfa Landsbankans ISK hafi staðið opinn fyrir viðskipti í 4735 daga og aldrei lækkað á milli daga, sem vart geti staðist í ljósi þeirra áfalla sem fram sé komið að hann hafi orðið fyrir. Með þessu og vísvitandi kaupum á skuldabréfum skyldra aðila án raunverulegrar markaðstengingar hafi varnaraðili gerst sekur um markaðsmisnotkun, sem miðaði að því að verð fjármálagerninga byggðist á öðrum forsendum eða lögmálum en þeim sem liggja að baki eðlilegri verðmyndun á skipulegum verðbréfamarkaði.
11. Sóknaraðili byggir á því að varnaraðila hafi borið að nýta heimildir sínar til að loka fyrir innlausnir hlutdeildarskírteina í síðasta lagi 29. september 2008, þegar tilkynnt var um innkomu ríkisins í Glitni, til að tryggja jafnræði hlutdeildarskírteinishafa, og að fullt tilefni hafi verið til að loka fyrir innlausnir mun fyrir. Með þessu hefði verið unnt að takmarka tjón hlutdeildarskírteinishafa.
12. Af hálfu sóknaraðila er á því byggt að fjárfestingarráðgjöf varnaraðila hafi verið gölluð, bæði almennt og sérstaklega í hans tilviki. Í þeim galla felist sagnæm háttsemi sem hafi leitt til bótaskylds tjóns. Þannig hafi ekki verið kynnt hvernig raunverulegu rekstrarformi peningamarkaðssjóða var háttað og að þeir væru reknir af Landsvaka hf., heldur hafi verið ýtt undir þann skilning að um sparnaðarform væri að ræða hjá varnaraðila með því að sölumenn kynntu sig sem starfsmenn útibúa viðskiptavina sinna. Að Peningabréf Landsbankans ISK hafi verið kynnt sem innstæðureikningur eða með þeim hætti að höfuðstóll væri alltaf öruggur. Að varnaraðili hafi á árinu 2007 gert sérstakt átak í sölu hlutdeildarskírteina í peningamarkaðssjóðum sínum, og haft frumkvæði að því að nálgast viðskiptavini sem áttu laust fé á innlánsreikningum, allt til að sækja til samstæðunnar meira fjármagn til að standa undir fjárþörf samstæðunnar og stærstu viðskiptavina hennar.

Málsástæður varnaraðila

13. Varnaraðili vísar til þess að hlutafélög og einkahlutafélög teljist ekki sami aðilinn í skilningi reglna skaðabótaréttar þótt þau tilheyri sömu samstæðu þannig að eitt sé dótturfélag annars eða móðurfélag. Þó sóknaraðili teldist hafa sannað að hann hefði orðið fyrir bótaskyldu tjóni sem rakið yrði til starfsemi Landsvaka hf. verði slíkt tjón ekki fellt undir bótaskyldu varnaraðila. Vísar varnaraðili til þess að ekki verði séð að sóknaraðili hafi lýst kröfu við slitameðferð Landsvaka ehf. svo sem eðlilegt hefði verið og fullt tilefni til að takmarka tjón hans. Fjárfestingasjóðurinn Peningabréf ISK hafi verið rekinn af Landsvaka, sem hafi haft starfsleyfi sem rekstrarfélag í samræmi við lög nr. 30/2003. Réttarsamband sóknaraðila hafi því verið við Landsvaka hf., en ekki við Landsbanka Íslands hf. Þau afmörkuðu verkefni sem Landsbanki Íslands hafi haft með höndum vegna Peningabréfa ISK hafi verið á grundvelli útivistunarsamnings við Landsvaka í samræmi við heimildir laga nr. 30/2003 og hafi engin áhrif haft á ábyrgð rekstraraðila gagnvart eigendum hlutdeildarskírteina. Varnaraðili mótmælir sem ósönnuðu að Landsbanki Íslands hf. hafi í starfsemi sinni viðhaft ólögmat og saknæm vinnubrögð og telur að sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á skaðabótaskyld tjón sóknaraðila sem valdið hafi verið í starfsemi Landsbanka Íslands hf., hvort sem er á grundvelli almennra skaðabótareglna eða sjónarmiða um húsbóndaábyrgð.
14. Varnaraðili mótmælir því sem ósönnuðu að sóknaraðili hafi ekki verið upplýstur um þá áhættu sem fylgdi fjárfestingum í peningamarkaðssjóðum og að breytingar hafi orðið á áherslum í fjárfestingum peningamarkaðssjóða Landsvaka hf. eða raunveruleg starfsemi sjóðanna hafi verið lánastarfsemi og að stækkun þeirra hafi leitt til aukinnar áhættu. Þá mótmælir varnaraðili því að sóknaraðili hafi sýnt fram á tjón af völdum skaðabótaskyldrar háttsemi á ábyrgð varnaraðila, að orsakatengsl séu milli háttsemi og meints tjóns og loks að meint tjón sé sennileg afleiðing af þeirri háttsemi. Varnaraðili telur að sóknaraðila hafi ekki tekist sönnun um framangreint í málinu. Jafnframt bendir varnaraðili á að sóknaraðili hafi ekki afmarkað meint tjón sitt vegna þeirra atvika sem varði hverja málsástæðu hans fyrir sig.

15. Öllum málsástæðum sóknaraðila í þá veru að eigendur varnaraðila hafi á einhvern hátt haft óeðlilega greiðan aðgang að lánsfé í formi fyrirgreiðslna í gegnum Landsvaka hf. og sölu eigna Landsvaka hf. er mótmælt sem ósönnuðum og vanreifuðum. Þá er því mótmælt að varnaraðili hafi á einhvern hátt ráðlagt viðskiptavinum sínum að geyma sparnað í hlutdeildarskírteinum til þess að fjármagna eigin starfsemi. Jafnvel þó slíkt yrði lagt til grundvallar í málinu fái varnaraðili ekki séð hvernig það ætti að leiða til þess að fallist yrði á bótakröfu sóknaraðila í málinu. Varnaraðili mótmælir öllum staðhæfingum sóknaraðila í þá veru að verðbréfasjóðir Landsvaka hf. hafi verið nýttir til lánstarfsemi sem ósönnuðum og ítrekar að sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á að farið hafi verið á svig við reglur sjóðanna eða lög í því sambandi. Bendir varnaraðili á að tilvísun sóknaraðila til umfjöllunar í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 geti engu breytt í þessum efnun enda hafi hún ekki sönnunargildi í málinu.
16. Varnaraðili mótmælir því að sýnt hafi verið fram á að innlausnarvirði hlutdeildarskírteina hafi ekki verið reiknað á réttan hátt og jafnframt að sýnt hafi verið fram á saknæma háttsemi starfsmanna Landsbanka Íslands hf. í þeim efnun, hvorki með vísan til þeirra verkefna sem þeim var falið á grundvelli útivistunarsamnings né á grundvelli 20. gr. laga nr. 30/2003. Varnaraðili mótmælir allri umfjöllun sóknaraðila og staðhæfingum um meint framferði og ráðgjöf starfsfólks á vegum Landsbanka Íslands hf. sem ósönnuðum. Byggir varnaraðili á því að ekki liggi annað fyrir í málinu en að ráðgjöf starfsmanna Landsbanka Íslands hf. hafi verið eðlileg þegar tekið sé mið af þeim upplýsingum sem fyrir lágu um starfsemi og stöðu peningamarkaðssjóða Landsvaka hf., á þeim tíma sem ráðgjöfin var veitt. Jafnframt er því mótmælt að markaðssetning og upplýsingagjöf vegna viðskipta sóknaraðila hafi verið villandi eða í ósamræmi við raunverulega áhættu peningamarkaðssjóðsins. Að mati varnaraðila hafi sóknaraðili því hvorki gert viðhlítandi grein fyrir bótakröfu sinni, né heldur sýnt fram á orsakasamband á milli meints tjóns síns og meints saknæms og ólögsmæts atferlis á ábyrgð varnaraðila og því telji varnaraðili að hafna beri öllum kröfum sóknaraðila.

Mat dómkvadds matsmanns

17. Sóknaraðili aflaði undir rekstri málsins dómkvadds mats dr. Ásgeirs Brynjars Torfasonar, lektors í fjármálum og reikningshaldi við Háskóla Íslands, til að svara matsspurningum um peningamarkaðssjóðinn Peningabréf Landsbankans ISK. Spurningarnar, sem margar voru settar fram með ítarlegum skýringum og undirliðum, voru í grunninn þessar:
1. *Endurspeglaði daglegt lokagengi hlutdeildarskírteina í peningamarkaðssjóðnum Peningabréf Landsbankans ISK margfaldað með fjölda hlutdeildarskírteina raunverulegt markaðsverð undirliggjandi eigna sjóðsins á tímabilinu janúar 2006 til 5. október 2008?*
 2. *Samkvæmt upplýsingum frá matsþola lækkaði skráð gengi hlutdeildarskírteina í sjóðnum aldrei á milli viðskiptadaga. Telur matsmaður að aldrei hafi verið uppi sú staða að skráð lokaverð viðskiptadags á gengi hlutdeildarskírteina í sjóðnum hefði átt að vera lægra en næsta dag á undan?*
 3. *Fyrir liggur að í ágúst 2008 náðu Peningabréf Landsbankans ISK hámarki stærðar sinnar og voru heildareignir þá metnar á ríflega 200 milljarða króna. Þá liggur fyrir að um mánaðamótin september/október 2008 minnkuðu skráðar heildareignir sjóðsins um þriðjung á einni viku, úr um 160 milljörðum í ríflega 102 milljarða króna. Telur matsmaður, að teknu tilliti til þessara staðreynda og markaðsaðstæðna almennt á þessum tíma, að tilefni hafi verið til að loka fyrir viðskipti með hlutdeildarskírteini í sjóðnum áður en það var gert, til að tryggja jafnræði og hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa í heild sinni og ef svo, hvencær (hvaða dag) telur matsmaður að taka hefði átt slíka ákvörðun?*
 4. *Telur matsmaður að meiri áhætta (annaðhvort aukin áhætta sömu tegundar eða fleiri tegundir áhættu) hafi almennt falist í því að geyma sparnað matsbeiðanda í hlutdeildarskírteinum sjóðsins en á innstæðureikningum hjá Landsbankanum á tímabilinu 2005 til og með 2008?*
 5. *Telur matsmaður að meiri áhætta hafi falist í kaupum á hlutdeildarskírteinum sjóðsins í ágúst 2008 en ráða megi af kynningarefni Landsbankans að hafi almennt verið bent á?*
 6. *Í síðustu spurningunni er matsmaður beðinn að meta hvort nánar tilgreindar ráðstafanir eða háttsemi á vegum matsþola hafi verið í samræmi við góða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði á árunum 2005–2008.*

18. Matsmaðurinn setti niðurstöður sínar fram í ítarlegri matsgerð þar sem hverri spurningu fyrir sig var svarað en meginniðurstöður matsmannsins voru þær að Peningabréf Landsbankans ISK hefðu undir lok starfstíma síns verið orðin mjög mikilvægur þáttur í fjármögnun matsþola. Þannig hafi sjóðurinn verið notaður á svipaðan hátt og erlend innstæðusöfnun bankanna undir lok líftímans. Þessi sjóðasöfnun hafi nýst til fjármögnunar á starfsemi bankanna, miklum útlánnum, sérstaklega til umfangsmikilla viðskiptavina og stærstu eigenda og aðila tengdra þeim, eftir að heildsölumarkaðir fagfjárfesta þornuðu upp. Matsmaðurinn fullyrðir að undir lokin hafi Peningabréf Landsbankans ISK að mestu átt eignir í tveimur flokkum, skuldabréfum fjármálafyrirtækja og skuldabréfum annarra fyrirtækja. Engar eða næstum engar eignir hafi verið ríkistryggðar (0,1–0,7%). Þetta hafi strítt gegn upphaflegu hugmyndinni að baki peningamarkaðssjóðum og aukið áhættuna sem í eignasafninu hafi falist þegar engin áhættulítill (eða nánast áhættulaus) kjölfestueign hafi verið til staðar, eins og venja sé í peningamarkaðssjóðum á alþjóðavísu.

19. Matsmaðurinn telur að með því að láta Peningabréf Landsbankans ISK kaupa sífellt meira af skuldabréfum fjármálafyrirtækja, bæði útgáfur matsþola og keppinauta (mest Kaupþings) auk annars banka sem tengdist stærstu eigendum matsþola (Straumur-Burðarás) hafi fjárfestingastefna sjóðsins stuðlað að því að þjappa saman áhættu og auka hana í stað þess að dreifa henni. Það að skuldir eignarhaldsfélaga eigenda bankanna hafi verið flokkaðar sem skuldabréf fyrirtækja en ekki fjármálafyrirtækja hafi að mati matsmannsins aukið enn á undirliggjandi samþættingu og samþjöppun áhættunnar. Fjárfesting sjóðsins í skuldabréfum útgefnum af öðrum fyrirtækjum en fjármálafyrirtækjum, þar með talið eignarhaldsfélögum stórra eigenda bankanna (Samson og Exista) hafi að mati matsmannsins stuðlað að sambærilegri og aukinni samþjöppun áhættunnar. Aðrir stærstu þættir þessara fjárfestinga (skuldabréf Baugs og Eimskips) voru, segir matsmaðurinn, lánveitingar til félaga sem bæði voru tengd stórum eigendum bankanna og/eða félög sem voru stórir viðskiptavinir bankanna. Þessi skuldabréfakaup virðast að mati matsmannsins einnig hafa verið til þess fallin að viðhalda fjármögnun til þessara viðskiptavina bankanna og hafa tengst því sem ætti að teljast til

bankarekstrar og útlánastarfsemi en falli ekki, að mati matsmannsins, að því sem flokka mætti sem áhættulítill skráð skuldabréf, hentug fyrir peningamarkaðssjóði. Framlenging á lánveitingum til fyrirtækja í greiðsluvanda með skuldabréfum þar sem keyptir séu stórir hlutar útgáfunnar, eða jafnvel öll, ætti að mati matsmannsins frekar að tilheyra áhættusamri starfsemi fjárfestingabanka eða vogunarsjóða en alls ekki peningamarkaðssjóða. Ljóst sé af gögnum málsins að við þessar gagnrýniverðu fjárfestingar hafi áhætta matsbeiðanda og annarra hlutdeildarskírteinishafa í sjóðnum aukist til muna og að nokkru leyti hafi þær um leið minnkað áhættu móðurfélagsins, matsþola, og að jafnframt átt einhvern þátt í hærri ávöxtun fjármuna í sjóðnum. Sú hærri ávöxtun hafi komið til vegna aukinnar áhættu sem á endanum hafi leitt til taps upp á rúm 30% við uppgjör sjóðsins. Verður að mati matsmannsins ekki annað séð en að þessi aukna áhættutaka hafi verið í andstöðu við fjárfestingarstefnu um vel tryggða, stöðuga og örugga ávöxtun, þó hún hafi fallið innan rúmra tölugilda stefnunnar.

20. Þá vísaði matsmaður til þess að af gögnum úr skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis mætti ráða að margt benti til að verði undirliggjandi eigna peningamarkaðssjóðanna hefði verið handstýrt. Í ljósi dóma sem fallið hafa undanfarin ár yfir stjórnendum bankanna, eftir útkomu skýrslunnar 2010, eru að mati matsmannsins komnar fram mikilvægar staðfestingar á misgjörðum sem taka verði tillit til í tengslum við matsgerðina. Með tilliti til þeirra gagna sem matsmaður hefur skoðað er að hans mati ekki hægt að meta málið öðruvísi en svo að það sé líklegt að misnotuð hafi verið aðstaða til að stýra verði á stórum hluta undirliggjandi eigna sjóðsins. Matsmaðurinn telur, með hliðsjón af niðurstöðum úr skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og niðurstöðum hæstaréttardóma undanfarinna ára í málum sérstaks saksóknara yfir stjórnendum bankanna, að margt bendi til þess að skráð verðmat á eignum sjóðsins sem tengdust bönkunum hafi verið falskt og að raunvirði undirliggjandi eigna hafi í raun verið lægra mun lengur en tímasetningar fjármálahrunsins gefi tilefni til að ætla. Þó að matsmaður hafi ekki fengið óheftan aðgang að gögnum frá Landsvaka til að sanna þá kenningu, þá metur matsmaður það þó hafið yfir vafa að verðmæti tiltekinna eigna hafi í mörgum tilfellum verið haldið óeðlilega háu. Verði eigna hafi væntanlega einnig verið haldið háu með gerviviðskiptum ætluðum til að blekkja markaðsaðila og búa til

óraunverulegt verð, bæði með viðskiptum milli sjóða Landsvaka og með því að kaupa inn í sjóðina heilar skuldabréfaútgáfur. Samhengið milli þess sem skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis setur fram og þess sem Hæstiréttur hefur staðfest sýnir að mati matsmannsins að óumflýjanlegt sé að ætla það líklegustu skýringuna á hluta þess taps sem hlutdeildarskírteinishafar urðu fyrir. Þannig hafi hagsmunir matsþola ítrekað verið teknir fram yfir hagsmuni viðskiptavina sjóðsins, þar með talinna matsbeiðenda.

21. Varnaraðili mótmælti sönnunargildi matsgerðarinnar. Varnaraðili vísar til þess að fram komi í matsgerðinni að hún sé að miklu leyti byggð á skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og takmarki það sönnunargildi hennar, eins og fjölmargir dómar Hæstaréttar hafi staðfest. Varnaraðili byggir einnig á því að afstaða matsmanns til bankanna og stjórnenda þeirra dragi úr sönnunargildi matsgerðarinnar. Varnaraðili byggir á því að matsmaður fullnægi ekki skilyrðum 3. mgr. 61. gr. laga nr. 91/1991 til þess að teljast óaðfinnanlegt vitni og vísar um þetta til dóms Hæstaréttar Íslands í málinu nr. 809/2015, þar sem ómerktur var héraðsdómur þar sem matsmaður sat sem meðdómari, með vísan til yfirlýstrar afstöðu hans til stjórnenda föllnu bankanna. Þessa afstöðu telur varnaraðili endurspeglast í orðalagi matsgerðarinnar á mörgum stöðum. Þá byggir varnaraðili jafnframt á því að verulega skorti á að samræmi sé á milli rökstuðnings matsmanns og niðurstaðna hans.

Niðurstaða

22. Mál þetta er rekið eftir ákvæðum XXIV. kafla laga nr. 21/1991 til að fá leyst úr ágreiningi um það að hversu miklu leyti eigi að viðurkenna kröfu þá sem sóknaraðili lýsti við slit varnaraðila. Um málatilbúnað aðila í málum af því tagi sem hér er til meðferðar gilda að öðru leyti ákvæði einkamálalaga nr. 91/1991, sbr. 2. mgr. 178. gr. laga nr. 21/1991, þar sem sérreglum gjaldþrotaskiptalaga sleppir.
23. Sóknaraðili hefur í málatilbúnaði sínum dregið fram fjölmörg atriði sem fallast verður á að kunni að hafa verið aðfinnsluverð í tengslum við rekstur sjóða Landsvaka hf. Þannig virðast fram komnar margvíslegar vísbendingar um að tengsl varnaraðila og Landsvaka hf. hafi verið nánari en lög gera ráð fyrir og að stjórnunarleg áhrif varnaraðila á daglegan rekstur Landsvaka hf. hafi verið meiri en

eðlilegt eða lögmætt geti talist. Einkanlega á þetta við um síðustu starfsmánuði Landsvaka hf. Þá liggja fyrir vísbendingar sem hafa stuðning af staðreyndum málsins, mati dómkvadds matsmanns og því sem fram kemur í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis sem eindregið gefa til kynna að varnaraðili hafi nýtt tengsl sín við Landsvaka hf. til að tryggja markaðssetningu verðbréfa sem gefin voru út af aðilum sem voru honum tengdir. Af gögnum málsins og mati dómkvadds matsmanns verður ráðið að kynning fjárfestingasjóðsins Peningabréf Landsbankans ISK á vegum varnaraðila hafi að minnsta kosti í allmörgum tilvikum og jafnvel almennt verið villandi og til þess fallin að gefa ranga mynd af starfsemi sjóðsins og þeirri áhættu sem fjárfestar tóku með því að leggja í hann fé. Þá eru fram komnar í málinu veigamiklar upplýsingar og rök sem einnig hafa stoð í mati dómkvadds matsmanns og virðast gefa til kynna að gengi fjárfestingasjóðsins Peningabréf Landsbankans ISK hafi að minnsta kosti á síðustu starfsmánuðum hans verið rangt skráð.

24. Hæstiréttur Íslands hefur í mörgum dómum sínum fjallað um mál fjárfesta sem hafa gert skaðabótakröfur á sama eða svipuðum grundvelli og sóknaraðili gerir í þessu máli. Sum þessara mála hafa snúið að sama varnaraðila og þetta mál og önnur hafa snúið að öðrum bönkum og fjármálafyrirtækjum. Þannig hefur verið leyst úr áþekktum eða skyldum úrlausnarefnum í dómum Hæstaréttar nr. 726/2009, nr. 770/2009, nr. 219/2011, nr. 264/2016, nr. 22/2011, nr. 705/2016 og nr. 845/2017. Þessi mál eru nefnd hér í dæmaskyni en dómar Hæstaréttar í málum af þessum toga eru mun fleiri. Í öllum þessum málum hefur kröfum sóknaraðila eða stefnenda ýmist verið hafnað eða þeim vísað frá dómi. Oftast hefur þetta verið gert með svipuðum rökstuðningi. Í dómi Hæstaréttar í málinu 726/2009 er þetta orðað svo; „*Að því verður að gæta að aðalkrafa gagnáfrýjanda um skaðabætur miðar að því að gera hana eins setta við slit sjóðsins og ef greitt hefði verið úr honum eftir dagsgengi hlutdeildarskírteina, sem síðast gildi áður en lokað var fyrir innlausn þeirra 6. október 2008. Af hendi gagnáfrýjanda hafa engar viðhlítandi skýringar komið fram á því hvernig þetta innlausnarverð hefði átt að geta haldist óbreytt eftir 6. október 2008 þegar litið er til þeirra tegunda krafna, sem sjóðnum var heimilt að eignast samkvæmt fjárfestingarstefnu sinni, eða hvernig*

markaðssetning sjóðsins gæti með réttu hafa vakið væntingar um að engin atvik af þeim toga, sem gerðust frá og með þeim degi í íslensku efnahagslífi, gætu orðið til þess að þetta innlausnarverð kynni að lækka. Hugsanleg mismunun eigenda hlutdeildarskírteina í aðdraganda þess að lokað hafi verið fyrir innlausn þeirra gæti aldrei staðið til þess að gagnáfrýjandi teldist eiga tilkall til að fá greidda sömu fjárhæð og aðrir kunna ranglega að hafa fengið, heldur bæri henni lægri fjárhæð í hlutfalli við það, sem allir hefðu fengið að gættu jafnræði. Loks er sú málsástæða gagnáfrýjanda, sem síðast var getið, ekki skýrð með tilliti til þess hvernig hún gæti leitt til að aðalkrafa gagnáfrýjanda yrði tekin til greina. Í málatilbúnaði gagnáfrýjanda er ekki leitast við að afmarka hvert tjón hennar gæti talist vegna þeirra atvika, sem hver málsástæða hennar fyrir sig tekur til, og yrði því ekki fært að finna þar stoð fyrir skaðabótum, sem næmu lægri fjárhæð en um ræðir í aðalkröfu hennar.“

25. Í máli þessu eru komnar fram vísbendingar, sönnunargögn og veigamikil rök sem hníga að því að varnaraðili hafi í sýslan sinni um dótturfélag sitt Landsvaka hf. og málefni fjárfestingasjóðsins Peningabréf Landsbankans ISK gengið fram með þeim hætti að almennt myndi teljast saknæmt og leiða til skaðabótaskyldu hans. Í ljósi þess sem að framan greinir og með hliðsjón af fordæmum Hæstaréttar verður á hinn bóginn ekki talið að sóknaraðili hafi í málatilbúnaði sínum sýnt fram á að innlausnarverð hluta fjárfestingasjóðsins Peningabréf Landsbankans ISK hefði átt að geta haldist óbreytt eftir 6. október 2008 eða afmarkað hvert tjón hennar gæti talist vegna atvika, sem varða hverja málsástæðu hennar fyrir sig. Er raunar vandséð að þetta sé henni yfirleitt mögulegt. Samkvæmt þessu hefur sóknaraðili ekki sýnt fram á að hún hafi orðið fyrir tjóni vegna ólögmætrar og saknæmrar háttsemi varnaraðila og verður kröfum sóknaraðila því hafnað. Með hliðsjón af framangreindu er rétt að málskostnaður milli aðila falli niður. Ástráður Haraldsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Kröfum sóknaraðila er hafnað. Málskostnaður fellur niður.

Ástráður Haraldsson

